

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra
Velferðarráðuneyti
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2011

Með bréfi þessu fylgja tillögur samráðshóps um húsnæðisstefnu sem félags- og tryggingamálaráðherra skipaði þann 4. nóvember 2011. Hlutverk samráðshópsins samkvæmt skipunarbréfi var að móta heildstæða húsnæðisstefnu sem verði grundvölluð á því markmiði að tryggja landsmönnum fjölbreytta og örugga valkosti í húsnæðismálum. Sérstök áhersla var lögð á að efla varanlega leigu- og búseturéttarkosti og stuðla að jöfnuði milli búsetuforma. Lögð var áhersla á að nefndarstarfið byggði á fyrirbyggjandi skýrslum og tillögum um húsnæðismál sem unnar hafa verið á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins.


Í samráðshópinn voru skipuð Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra, formaður, Ingi Valur Jóhannsson, skipaður af félags- og tryggingamálaráðherra, Henný Hinz, tiln. af Alþýðusambandi Íslands, Guðlaug Kristjánsdóttir, tiln. af Bandalagi háskólamanna, Hilmar Ögmundsson, tiln. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Björn Rúnar Björnsson, tiln. af efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, Ingibjörg Helga Helgadóttir, tiln. af fjármálaráðuneytinu, Ásta H. Bragadóttir, tiln. af Íbúðalánasjóði, Þorbjörn Guðmundsson, tiln. af Landssamtökum lífeyrissjóða, Björk Vilhelmsdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg, Ingibjörg Jónsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldór Árnason, tiln. af Samtökum atvinnulífsins, Haukur Skúlason, tiln. af Samtökum fjármálafyrirtækja, Ingibjörg Broddadóttir, tiln. af stýrihópi um velferðarvakt, Eygló Harðardóttir, tiln. af þingflokki Framsóknarflokksins, Margrét Rósa Sigurðardóttir, tiln. af þingflokki Hreyfingarinnar, Guðmundur Örn Jónsson, tiln. af þingflokki Samfylkingarinnar, Áslaug María Friðriksdóttir, tiln. af þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Ólafur Þór Gunnarsson, tiln. af þingflokki Vinstrihreyfingarinnar — græns framboðs, Guðmundur Magnússon, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands.

Hallgrímur Guðmundsson tók sæti Björns Rúnars Björnssonar sem fulltrúi efnahagsráðuneytisins og Sigurður Geirsson tók sæti Ástu H. Bragadóttir sem fulltrúi Íbúðalánasjóðs. Á fundi nefndarinnar mættu sem varamenn Magnús M. Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Hólmsteinn Brekkan frá þingflokki Hreyfingarinnar, Sigurður Guðmundsson frá fjármálaráðuneytinu, Daði Sverrisson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Guðmundur Steingrímsson frá þingflokki Framsóknarflokksins, Gunnhildur Gunnarsdóttir frá Íbúðalánasjóði og Lára Björnsdóttir frá stýrihópi um velferðarvakt.

Á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins var starfræktur starfshópur sem starfaði samhliða samráðshópnum en hann skipuðu formaður samráðshópsins Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Ingi Valur Jóhannsson, Björn Þór Hermannsson og Ásgeir Runólfsson.

Í skýrslunni eru markmið húsnæðisstefnu skilgreind og lagðar fram tillögur um hvernig stjórnvöld geti náð þeim. Í tillögunum kemur fram hverjir eru ábyrgir fyrir framkvæmd þeirra og nánari útfærslu, við hverja á að hafa samráð og hvenær tillögurnar eiga að vera komnar til framkvæmda. Helstu tillögurnar eru upptaka húsnæðisbóta, að hið opinbera stuðli að auknu framboði af leigu- og búseturéttaríbúðum, að ríkisstjórnir innleiði húsnæðisáætlun með fjölbreytni að leiðarljósi til að mæta þörfum ólíkra hópa og að bæta öflun og miðlun upplýsinga um húsnæðismál.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd samráðshópsins


Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
formaður